

2011 nr. 160 23. desember**Lög um svæðisbundna flutningsjöfnun¹⁾**¹⁾ *Lögin falla úr gildi 31. desember 2025 skv. 12. gr.*

Tóku gildi 1. janúar 2012. Breytt með: L. 128/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), L. 132/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014), L. 125/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019), L. 89/2020 (tóku gildi 1. jan. 2021), L. 104/2023 (tóku gildi 1. jan. 2024).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innviðaráðherra** eða **innviðaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að styðja við framleiðsluþæðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. [Markmið laganna er enn fremur að veita styrki til að tryggja framboð olúværa með því að jafna flutningskostnað á olúvörum sem eru til notkunar innan lands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.]¹⁾

¹⁾ L. 89/2020, 1. gr.**■ 2. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um veitingu flutningsjöfnunarstyrkja til einstaklinga eða lögaðila sem stunda framleiðslu á vöru, í samræmi við ákvæði laganna, vegna framleiðslu sem fellur undir C-bálk í íslensku atvinnugreinaflokkuninni ÍSAT2008.

□ [Lög þessi gilda einnig um veitingu flutningsjöfnunarstyrkja til einstaklinga eða lögaðila sem framleiða með ræktun ávexti, blóm eða grænmeti og fullvinna framleiðslu sína í söluhæfar umbúðir enda falli framleiðslan undir flokk 01.1, ræktun nytjajurta annarra en fjölærra, og/eða flokk 01.2, ræktun fjölærra nytjajurta, í A-bálki íslensku atvinnugreinaflokkunarinnar ÍSAT2008.]¹⁾

□ [III. kafli nær til jöfnunarstyrkja vegna flutningskostnaðar á olúvörum, þó ekki olúum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga og erlendra skipa. Ráðherra skal setja nánari reglur um þá flokka olúværa sem heimilt er að styrkja.]²⁾

¹⁾ L. 125/2018, 1. gr. ²⁾ L. 89/2020, 2. gr.**■ 3. gr. Skilgreiningar.**

□ Í þessum lögum merkir:

1. [Byggðakort: Kort af Íslandi sem samþykkt er af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fyrir tiltekið tímabil þar sem fram kemur á hvaða svæðum á Íslandi er heimilt að veita byggðaðstoð og að hvaða marki slík aðstoð er heimil.]¹⁾

2. **Flutningsjöfnun:** Aðgerð sem miðar að því að jafna flutningskostnað framleiðanda sem greiðir hærri kostnað vegna flutnings á vöru en aðrir og staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn. [Flutningsjöfnun getur einnig átt við aðgerð sem miðar að því að veita söluaðilum olúværa styrki vegna flutnings á olúvörum til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.]²⁾

3. **Flutningsjöfnunarstyrkur:** Styrkur sem veittur er framleiðendum sem greiða hærri kostnað við flutning á vöru til eða frá styrksvæðum en aðrir og staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn. [Flutningsjöfnunarstyrkur getur einnig átt við styrk sem veittur er söluaðilum olúværa sem starfrækja sölustaði á svæðum sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.]²⁾

4. **Flutningskostnaður:** Sá kostnaður sem stofnað er til vegna flutnings vöru innan landamæra. Virðisaukaskattur eða hvers konar endurgreiðsla af hendi flytjanda telst ekki til flutningskostnaðar. Að sama skapi ber að draga frá flutningskostnaði aðra styrki sem veittir hafa verið vegna flutninga. Þá telst kostnaður vegna hleðslu og geymslu á vöru ekki til flutningskostnaðar.

5. **Flutningsaðili:** Sá sem með samningi tekur að sér vöruflutning fyrir annan, eiganda, sendanda eða móttakanda vörunnar.

6. **Framleiðandi:** Einstaklingur eða lögaðili sem stundar framleiðslu á vöru.

7. [Framleiðsla: Ummyndun efnis eða ræktun í nýjar afurðir sem fellur undir ákvæði 2. gr.]³⁾

8. **Fullunnin vara:** Vara sem er tilbúin til nýtingar eða neyslu.

9. **Hálfunnin vara:** Ílag sem notað er við framleiðslu.

10. **Staðsetning fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn:** Framleiðandi telst staðsettur fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn ef fjarlægðin er a.m.k. [150 km].³⁾

11. **Vara:** Fullunnin eða hálfunnin vara.

¹⁾ L. 132/2013, 1. gr. ²⁾ L. 89/2020, 3. gr. ³⁾ L. 125/2018, 2. gr.**II. kafli. [Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda.]¹⁾**¹⁾ L. 89/2020, 4. gr.**■ 4. gr. Styrksvæði.**

□ Til styrksvæða teljast þau svæði þar sem heimilt er að veita byggðaðstoð samkvæmt byggðakorti.

□ Styrksvæðin skiptast í tvö svæði: Sveitarfélögin Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldraneshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Norðurþing, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð, [Tjörneshreppur]¹⁾ og Vopnafjarðarhreppur, eins og þau eru skilgreind 1. janúar 2012, tilheyra svæði 2. Önnur sveitarfélög landsins tilheyra svæði 1, svo fremi að þau uppfylli skilyrði 1. mgr.

¹⁾ L. 132/2013, 2. gr.**■ 5. gr. Skilyrði styrkveitinga.**

□ Styrkir eru veittir til framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar.

□ Rétt til flutningsjöfnunarstyrkja vegna framleiðslu á styrksvæðum eiga einstaklingar sem stunda atvinnurekstur og eru með lögheimili á styrksvæði og lögaðilar sem eru með starfsemi og heimilisfesti á styrksvæði.

□ Ávallt skal velja hagkvæmstu flutningsleið, hvort sem er á sjó, landi eða lofti.

□ Flutningsjöfnunarstyrkir eru veittir vegna flutnings:

a. frá styrksvæði ef framleiðslan er annaðhvort fullunnin eða hálfunnin vara, þ.e. vara sem hefur farið í gegnum ákveðið framleiðsluferli á styrksvæðinu, eða

b. til styrksvæðis á hrávöru eða hálfunninni vöru, þ.e. vöru sem vantar til að endanleg framleiðsla á vöru geti átt sér stað á styrksvæðinu.

□ Eingöngu eru greiddir flutningsjöfnunarstyrkir ef vara er flutt með flutningsaðila, sbr. 5. tölul. 3. gr. Framleiðanda er þó heimilt að flytja vöru sína sjálfur svo fremi að kostnaði vegna flutnings vöru til eða frá styrksvæði sé haldið aðgreindum frá öðrum kostnaði í bókhaldi hans. Einnig ber að halda sölutölum hvers styrksvæðis aðgreindum.

□ Ekki eru veittir styrkir til aðila sem skulda skatta eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi.

□ Ekki eru veittir styrkir til einstaklinga eða lögaðila sem hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir dagsetningu umsóknar.

□ Ekki eru veittir flutningsjöfnunarstyrkir vegna útflutnings.

■ **6. gr. Útreikningur flutningsjöfnunarstyrkja.**

□ Flutningsjöfnunarstyrkur reiknast sem hlutfall af flutningskostnaði, eins og nánar er kveðið á um í 2. mgr., að teknu tilliti til annarra styrkja sem veittir eru vegna flutnings, ef við á. Ekki eru greiddir flutningsjöfnunarstyrkir ef lengd ferðar er innan við [150 km].¹⁾

□ [Framleiðandi á svæði 1, sbr. 2. mgr. 4. gr., fær 10% endurgreiðslu af flutningskostnaði á vöru ef lengd ferðar er a.m.k. 150 km en 15% ef ferð er lengri en 390 km. Framleiðandi á svæði 2, sbr. 2. mgr. 4. gr., fær allt að 20% endurgreiðslu af flutningskostnaði á vöru ef lengd ferðar er 150–390 km en allt að 30% ef ferð er lengri en 390 km.]²⁾

□ Flutningsjöfnunarstyrkir til hvers framleiðanda skulu aldrei vera hærri en sem nemur 200.000 evrum á þriggja ára tímabili. Við umreikning yfir í íslenskar krónur skal miða við gengi sem ESA gefur út og birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins og á vef stofnunarinnar. Við útreikning hámarksfjárhæðar skal reikna með aðra styrki sem framleiðandi hefur fengið frá opinberum aðilum. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir er aðili hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem ESA hefur samþykkt.

□ [Nemi styrkhæfar umsóknir um flutningsjöfnunarstyrk hærri fjárhæð en sem nemur fjárheimildum ársins, að frádregnum kostnaði Bygðastofnunar, skal stofnunin lækka hlutföll endurgreiðslna skv. 2. mgr. þannig að ekki sé farið fram úr fjárheimildum. Nemi styrkhæfar umsóknir hins vegar lægri fjárhæð en fjárheimildir ársins, að frádregnum kostnaði Bygðastofnunar, skal stofnunin hækka hlutföll endurgreiðslna skv. 2. mgr. þannig að fjárheimildir verði fullnýttar, enda sé ekki farið upp fyrir þau mörk sem tilgreind eru í 3. mgr. [Ekki skal lækka hlutföll samþykktra umsókna sem eru undir 1,25% af fjárveitingu hvers árs né lækka samþykktar umsóknir niður fyrir 1,25% af fjárveitingu hvers árs hjá sama aðila.]²⁾¹⁾

¹⁾ L. 125/2018, 3. gr. ²⁾ L. 104/2023, 1. gr.

■ **III. kafli. Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olúvára.]¹⁾**

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr.

■ **7. gr. Styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olúvára.**

□ Bygðastofnun skal veita styrki til jöfnunar á flutningskostnaði olúvára til söluaðila sem starfrækja sölustaði á svæðum sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

□ Úthlutun styrkja skal ákvörðuð í samræmi við þá heildarfjárhæð sem fyrirhugað er að veita til jöfnunar á flutningskostnaði olúvára í fjárlögum ár hvert, selt magn olúvára á viðkomandi sölustað og byggðastuðul sem skal endurspegla samkeppnisstöðu svæðis í byggðalegu tilliti að mati Bygðastofnunar.

□ Að fenginni umsögn Bygðastofnunar skal ráðherra setja nánari reglur¹⁾ um ákvörðun, fyrirkomulag og útreikning styrkja samkvæmt ákvæði þessu. Í reglum skal landsvæðum eða byggðarlögum ákvarðaður sérstakur byggðastuðull sem útreikningur flutningsjöfnunarstyrks skal m.a. byggjast á, sbr. 2. mgr. Reglurnar skulu tryggja að við úthlutun styrkja sé gætt að sjónarmiðum um jafnræði, hlutlægni og gagnsæi.²⁾

¹⁾ Rg. 890/2021. ²⁾ L. 89/2020, 5. gr.

■ **IV. kafli.]¹⁾ Framkvæmd styrkveitinga.**

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr.

■ **8. gr.]¹⁾ Umsókn um og greiðsla flutningsjöfnunarstyrkja.**

□ [Bygðastofnun annast framkvæmd styrkveitinga skv. II. og III. kafla. Umsókn um flutningsjöfnunarstyrk til framleiðenda skv. II. kafla skal fylgja greinargerð um flutningsjöfnun, líkt og nánar er kveðið á um í reglugerð, þar sem fram koma allar upplýsingar og tekur endurgreiðsla vegna flutningskostnaðar mið af henni. Ráðherra skal í reglugerð kveða á um þau gögn sem fylgja skulu umsókn um flutningsjöfnunarstyrk til söluaðila olúvára skv. III. kafla.]²⁾

□ [Bygðastofnun]³⁾ leggur mat á umsóknir og kallar eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru.

□ Sækja skal um styrk fyrir eitt almanaksár í senn. Umsókn um styrk skal skila eigi síðar en 31. mars ár hvert vegna næstliðins almanaksárs. Styrkur er greiddur út eftir að umsókn um styrk hefur verið samþykkt.

□ Umsækjendur bera ábyrgð á því að þær upplýsingar sem fram koma í umsókn séu réttar og skulu staðfesta að styrkurinn fari ekki fram úr hámarksfjárhæð sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. [vegna styrkja skv. II. kafla].²⁾

□ [Styrkveitingar skv. II. kafla eru í formi endurgreiðslna gegn framlögðum reikningum. Styrkveitingar skv. III. kafla eru í formi fjárgreiðslna.]²⁾

□ [Kostnaður Bygðastofnunar af móttöku og umsýslu umsókna um styrki samkvæmt lögum þessum greiðist af fjárveitingu fyrir jöfnun flutningskostnaðar [og jöfnun flutningskostnaðar olúvára].²⁾⁴⁾

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr. ²⁾ L. 89/2020, 6. gr. ³⁾ L. 128/2012, 1. gr. ⁴⁾ L. 125/2018, 4. gr.

■ **9. gr.]¹⁾ Endurgreiðsla flutningsjöfnunarstyrks.**

□ Endurkrefja ber um flutningsjöfnunarstyrk [skv. II. og III. kafla]²⁾ ef í ljós kemur að styrkþegi hefur vísitandi veitt rangar eða villandi upplýsingar eða leynt upplýsingum sem hafa áhrif á styrkveitingu.

□ Komi í ljós að fjárhæð flutningsjöfnunarstyrks [skv. II. kafla]²⁾ er komin umfram það hámark sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. skal endurkrefja styrkþega um flutningsjöfnunarstyrkinn í heild.

□ Beri styrkþega að endurgreiða styrk skv. 1. eða 2. mgr. skal hann endurgreiða styrkinn með vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma er greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal styrkþegi greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim tíma er sannanlega var lögð fram krafa um endurgreiðslu.

□ Vextir skv. 3. mgr. skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að styrkurinn var greiddur út. Það sama gildir um greiðslu dráttarvaxta skv. 4. mgr. ef endurgreiðslan fer fram innan 30 daga frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr. ²⁾ L. 89/2020, 7. gr.

■ **V. kafli.]¹⁾ Skýrslugjöf til Alþingis, reglugerðarheimild og gildistaka.**

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr.

■ **10. gr.]¹⁾ Skýrslugjöf til Alþingis.**

□ Ráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um þróun flutningskostnaðar [skv. II. kafla],²⁾ fjölda umsækjenda á styrktímabilinu, fjölda samþykktra styrkumsókna, heildarfjárhæð styrkveitinga og fjárhæð tíu hæstu styrkja, flokkað

eftir tegund framleiðslu. Upplýsingarnar skulu jafnframt vera sundurliðaðar eftir framleiðslustarfsemi og styrksvæðum. [Í skýrslunni skal einnig fjallað um flutningsjöfnunarstyrki til söluaðila olíuvara skv. III. kafla, fjölda umsækjenda á styrktímabilinu, fjölda samþykktra styrkumsókna, heildarfjárhæð styrkveitinga og fjárhæð tíu hæstu styrkja. Upplýsingarnar skulu jafnframt vera sundurliðaðar eftir landshlutum.]²⁾

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr. ²⁾ L. 89/2020, 8. gr.

■ **[11. gr.]¹⁾ Reglugerðarheimild.**

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur²⁾ um framkvæmd laganna, svo sem um útreikning flutningsjöfnunarstyrkja, umsóknir um styrki, meðferð umsókna og greiðslu

og endurgreiðslu styrkja.

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr. ²⁾ Rg. 121/2019.

■ **[12. gr.]¹⁾ Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012 og falla úr gildi [31. desember [2025]²⁾].³⁾ Endurskoða skal ákvæði laga þessara innan árs frá gildistöku.

¹⁾ L. 89/2020, 5. gr. ²⁾ L. 125/2018, 5. gr. ³⁾ L. 132/2013, 3. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

□ Ráðherra skal fyrir árslok 2024 gefa Alþingi skýrslu sem felur í sér áætlun um hvernig styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olíuvara verði lækkaðir í þrepum og að lokum felldir niður á gildistíma laganna.]¹⁾

¹⁾ L. 104/2023, 2. gr.